

Leiðbeiningar vegna umsókna um starfsheitið tæknifræðingur

(Ath. unnið er að endurskoðun reglnanna).

1. grein

Sá, sem óskar leyfis ráðherra til að kalla sig tæknifræðing skv. lögum nr. 8/1996, snýr sér til skrifstofu félagsins eða til viðkomandi ráðuneytis og aflar sér þar upplýsinga um kröfur þær, sem VFÍ gerir til menntunar tæknifræðinga.

Væntanlegum umsækjanda skal gert ljóst, að viðkomandi beri sú skylda að veita VFÍ hver þau gögn, sem það telur nauðsynleg til staðfestingar á menntun umskæjanda. Sönnunarbýrði þar að lútandi hvílir öll á umsækjanda.

2. grein

Telji viðkomandi sig uppfylla menntunarkröfur VFÍ til tæknifræðingstíls, fyllir umsækjandi út sérstakt umsóknareyðublað og leggur fram gögn með umsókn sinni. Gögn þessi skulu veita sem gleggstar upplýsingar um þau atriði, sem við eiga sbr. 5. grein hér á eftir. Frekari gagna kann að verða óskað.

3. grein

Framkvæmdastjóri félagsins sendir Menntunarnefnd VFÍ til umsagnar allar umsóknir um tæknifræðingstílinn.

4. grein

Menntunarnefnd leggur hlutlaust mat á umsóknir þær, sem henni berast. Hafi umsækjandi bein eða óbein samskipti við nefndarmenn varðandi umsókn sína meðan á afgreiðslu hennar standur, fyrirgerir umsækjandi hlutleysi nefndarinnar.

5. grein

Mat menntunarnefndar VFÍ byggist á kröfum félagsins til menntunar umsækjenda.

Menntunarnefnd skal mæla með því við stjórn VFÍ að umsækjandi fái leyfi ráðherra til að kalla sig tæknifræðing ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

Lokið er með prófgráðu námi, sem hefur verið stundað í tæknifræði við menntastofnun sem menntunarnefnd telur færan (færa) um að veita fullnægjandi menntun á viðkomandi sérsviði. Prófgráðan skal að námslengd og samsetningu náms uppfylla lágmarkskröfur VFÍ (hver eining svarar til einnar viku í fullu námi):

a)	Undirstöðugreinar tæknifræðinnar	21e (42 ECTS)
b)	Tæknifræðilegar undirstöðugreinar	20e (40 ECTS)
c)	Tæknifræðigreinar	41e (82 ECTS)
d)	Námsgreinar að frjálssu vali, sem talist geta til tæknifræði náms	25e (50 ECTS)
	Lágmark	107e (214 ECTS)

6. grein

Menntunarnefnd VFÍ sendir framkvæmdastjóra félagsins umsögn sína.

7. grein

Ef umsögn Menntunarnefndar er jákvæð og umsækjandi er íslenskur ríkisborgari, ber stjórn VFÍ að mæla með því við ráðherra, að umsækjandi fái rétt til að kalla sig tæknifræðing.

Ef umsögn Menntunarnefndar er neikvæð, ber stjórn að mæla gegn því, að umsækjandi fái leyfi ráðherra til að kalla sig tæknifræðing nema í algjörum undantekningartilvikum, eins og ef viðkomandi getur ekki aflað tilskilinna gagna vegna styrjalda eða af stjórn málaalegum ástæðum. Í slíkum tilfellum þarf stjórn að samþykkja meðmæli til ráðherra samhljóða.

8. grein

Framkvæmdastjóri VFÍ tilkynnir umsækjanda og/eða ráðuneyti hverja afgreiðslu umsóknin hefur hlotið.

9. grein

Reglur þessar voru endurskoðaðar af Menntunarnefnd TFÍ á árinu 2014 og staðfestar af stjórn TFÍ sama ár. Þessar reglur voru því í gildi við sameiningu VFÍ og TFÍ árið 2016.